

Því yfir í stefnunni, að hann ætlaði að krefjast þess fyrir yfirdómi, að bæjarþingsdómurinn verði dæmdur ómerkur með *eða* án heimvísunar, *eða*, að málinu verði frávísað, *eða* að dóminum verði breytt í þá átt, sem hann fyrir undirdómi hafi farið fram á, og að málskostnaður allur verði látinn lenda á mótpartinum skaðlaust, allt eptir því sem nánar verði tekið fram fyrir yfirdóminum, en í sóknarskjali sínu fyrir yfirdóminum hefur áfrýjandi ekki einskorðað kröfur sínar nánar, heldur aðeins getið þess, að hann haldi föstum öllum kröfum, sem hann í undirrjettaraktinum og stefnunni til yfirdómins hafi krafizt. Með því nú að rjettarkröfur þær, sem áfrýjandinn þannig hefur borið upp fyrir yfirdóminn, eru svo óákveðnar og á reiki, að þær ekki verða lagðar til grundvallar fyrir neinu dómsatkvæði, þá ber ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum sem ónægilega útlistuðu, og fellur málskostnaður fyrir yfirdóminum eptir þeim úrslitum niður.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum og fellur málskostnaður fyrir honum niður.

Mánudaginn 15. desbrmán.

Nr. 43/1884.

Rjettvísín

gegn

Jóni Ólafssyni og

Guðlaugi Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar 17.

október síðastl. eru hinir ákærðu, ritstjóri og alþingismaður Jón Ólafsson og cand. júris Guðlaugur Guðmundsson, sem sakaðir eru um fölsun á skjölum, sýknaðir af ákæru sóknarans í málinu, en dæmdir eru þeir til að greiða báðir fyrir einn og einn fyrir báða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Máli þessu er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Máli þessu er svo varið, að hinn ákærði Guðlaugur Guðmundsson lagði sem málsfærlumaður hins ákærða Jóns Ólafssonar í 5 málum, er hinn síðarnefndi hafði höfðað gegn Gesti ritstjóra Pálssyni, fram 5 sáttakæmur í þeim málum á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 14. ágústmán. síðastl., og hafði dagsetningu þeirra allra verið breytt eptir að þær komu frá sáttanefndinni þannig, að úr 21. júlí hafði verið gjört 20. júlí. Að því 1 af þessum málum snerti hafði breyting dagsetningarinnar mikla þýðingu, því hefði hin upprunalega dagsetning staðið óhöggvæð, var málið fyrnt samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna. Það er sannað í málinu, að dagsetningunni hefur verið breytt sem að framan segir, og það er einnig sannað, að hinar greindu sáttakæmur ekki voru, frá því þær komu frá sáttanefndinni og þangaðtil hinn ákærði Guðlaugur Guðmundsson lagði þær fram á bæjarþinginu, í vörzlum annara en hinna ákærðu, en hinir ákærðu hafa borið, að þeir alls ekki viti neitt um, hvernig á breytingunni standi. Það er að vísu, eptir því sem fram er komið í málinu, engar líkur til, að nokkur annar maður en hinir ákærðu — og þeim einum gat staðið það á nokkru — hafi breytt dagsetningu kæruskjalanna, en það virðist samt ekki

gegn neitun þeirra vera framkomin lögfull sönnun fyrir því, að þeir sjeu sekir í glæp þeim, sem þeim er gefinn að sök, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm bæði að því efni málsins snertir og að því snertir ákvæði hans um greiðslu málskostnaðar. Svo ber og hinum ákærðu báðum fyrir einn og einum fyrir báða að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rektur málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmeitt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hinir ákærðu, alþingismaður og ritstjóri Jón Ólafsson og cand. júris Guðlaugur Guðmundsson, eiga að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.